

## Fundargerð aðalfundar 2012

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2012 var haldinn í Höfðatúni 2 í Reykjavík, 23. maí 2012 kl. 16:00. Mættir voru fulltrúar 8 hluthafa sem eiga rúmlega 88,75% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Erlu S. Arnadóttur, hrl., fundarstjóra og Huldu Björk Þorkelsdóttur, Reykjanesbæ, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Árni Sigurjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
  2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
  3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var tillagan samþykkt. Þær eru því skipaðar svo:
    - Anna Torfadóttir ( kt. 250149-6549), stjórnarmaður.
    - Árni Sigurjónsson (kt. 281255-3399), stjórnarmaður.
    - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
    - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
    - Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169), varamaður í stjórn.
    - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
    - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
  4. Lagt var til að tap af rekstri ársins 2011 fari til lækkunar á eigin fé félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og var það samþykkt.
  5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2012 til aðalfundar 2013 verði óbreytt, eða kr. 20.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
  6. Undir liðnum önnur mál var lögð fram tillaga um að „ Fundurinn samþykki hækkun hlutafjár úr kr. 130.284.887 í kr. 145.932.989 og að núverandi hluthafar falli frá forgangsrétti til áskriftar að þessum nýju hlutum. “ Tillagan var samþykkt samhljóða.


Einnig „Gerð er tillaga um að fundurinn samþykki að veita stjórn félagsins heimild til að hækka hlutafé félagsins um kr. 9.067.011 eða hlutafé félagsins upp í kr. 155.000.000 með áskrift nýrra hluta. Heimildin mun gilda í 5 ár og hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. “
2. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins mun því verða svohljóðandi: „Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé þess um allt að kr. 9.067.011 – níumilljónirsextiúogsjöþúsundogellefu krónur – með áskrift nýrra hluta. Hluthafar skulu ekki eiga forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum heldur skal stjórn félagsins leitast við að fjölga hluthöfum þess. Þó má selja núverandi hluthöfum nýjan hlut í þeim tilvikum þar sem hluthafinn er sveitarfélag sem sameinast hefur sveitarfélagi sem ekki átti hlut áður. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunar. Stjórn félagsins skal ákveða útboðsgengi, greiðsluskilmála og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt.

*Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessum ákvæðum fellur niður í apríllok 2017 að því marki sem hún þá enn kann að vera ónýtt.*“  
Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir flutti kveðju frá Eiríki Þorlákssyni og árnaðaróskir til félagsins.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 16:55.

  
Erla S. Árnadóttir

  
Hulda Björk Þorkelsdóttir